

Skólaráð Varmárskóla

18.maí 2017

Mætt: Guðbjörg Aðalsteinsd (kennari), Sigríður Ingólfssd (foreldri), Jón Þór Ragnars (foreldri), Margrét Gróa Björnsdóttir (starfsmaður), Þórunna R. Ólafsdóttir (skólastýra og fundarritari), Þórhildur Elfarsdóttir (skólastýra), Alexander V. Kárasón (foreldri og grenndarsamfélag) og Óðinn Pétur Vigfússon deildarstjóri sem kom inn með málefni Brúarlands og var gestur á fundinum.

Fundarefni:

- Skólaárið er búið að vera þungt. Krefjandi nemendur sem við höfum þurft að finna margvíslegar leiðir með ýmis úrræði. Námsmatið í eldri deild hefur tekið mikinn tíma. Mikil veikindi hjá starfsmönnum.
- Rekstur - Stöndum vel fyrstu þrjá mánuðina. Erum undir fjárhagsáætlun eins og er.
- Undirbúningur næsta skólaárs
 - Töluverð fjölgun nemenda. Erum að huga að fjölda nemenda, rými – koma þeim fyrir. Erum ekki með húsvörð, verið er að huga að sameiginlegu teymi húsvarða innan bæjarins. Erum að skoða hvernig hægt sé að koma til móts við fjölgun nemenda og skipulagi.
 - Pétur fór yfir hvað hefur verið hugsað í viðhaldi fyrir skólann. Fór yfir eldri og yngri deild
- Önnur mál-Brúarland - fyrirspurn fulltrúa FGmos um öryggismál.
 - Pétur fór yfir Brúarland og úttekt slökkviliðsins. Verkfræðiskrifstofann Ferill og Mannvit höfðu tekið út húsnæðið og segja að það sé í lagi. Óskar yfirmaður fasteigna hjá bænum segir að síur hafi verið teknar í gegn og heilbrigðiseftirlitið hefur ekki komið með athugasemdir með þær framkvæmdir. Það er tvöfalt gler og hljóðvisti á að vera í lagi. Það eru forhitaður niðri til að bæta loftið og síur endurgerðar. Það er búið að taka út hljóðvist, loftgæði og brunavarnir.
 - Jón fagnar því að fólk hafi áhuga á að skoða húsnæði bæjarins. Gott að fá þessa skoðun á Brúarlandi, nú hlýtur að koma að sambærilegum úttektum fyrir yngri deild Varmárskóla. Jón telur að gott væri að Skólaskrifstofa eða tilgerðir aðilar frá bænum komi með stutta yfirlýsingu um brunavarnir, hljóðmælingar um Brúarland að þetta sé búið og uppfylli allar kröfur og það mætti m.a. birta á heimasíðu skólans. Alexander talar um að skólaráð og foreldrafélagið skoði það að fá sambærilega skoðun fyrir skóla bæjarins því áhyggjur eru af eldri skólahúsnæðum.
- Samræmd próf í 9. og 10.bekk 2017
 - Niðurstöður í 10.bekk komu mjög vel og erum yfir meðallagi. Íslenska. 30,77, landið 29,54), stærðfræði (29,54) landið (29,14), enska (30,59) og landið (29,36).
 - Niðurtöður 9.bekkja íslenska (26,80) landið (29,52), stæ (30,27) landið (29,20), enska (29,78) landið (29,26)
 - Jón spyr hvort skólinn setji sér einhver viðmið hvar við ætlum að standa. Bæjarfélagið ætti að setja sér það markmið að vera með þeim hæstu.
- Sigríður leggur fram sem fulltrúi foreldrafélagsins að skólaráðið fundi í níu skipti á skólaárinu, einu sinni í mánuði. Umræða var um verkefni sem skólaráð getur stutt skólann við og því ástæða til að funda oft og segir Lexi. Rætt um að boða til vinnufundi ef það þarf að leggja upp með frekari umræður eða stuðning.

Þórunna Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð